



ORKUSTOFNUN

## Sérverkefni 1991-1994. Jarðhiti í iðnaði – súrálsvinnsla með notkun jarðhita

**Jakob Björnsson, Guðmundur Pálason**

**Greinargerð JB-GP-90-01**

Sérverkefni 1991-1994  
Jarðhiti í iðnaði - súrálsvinnslu með notkun jarðhita

Hugmyndir um eitt eða fleiri ný áver hér á landi á næstu árum gefa tilefni til að huga að hugmyndum, sem uppi voru fyrir 16 árum um að koma upp hér súrálsvinnslu byggðri á notkun jarðhita, en súrálid er nauðsynlegt hráefni til áframleiðslu. Var að frumkvæði Iðnaðarráðuneytisins saman sérfræðileg álitsgerð um slika vinnslu á vegum UNIDO (Draft Pre-Feasibility Study on the Production of Alumina in Iceland eftir Dr. György Sigmund).

Iðnaður sem nýtir jarðhita gerir kröfur til ákveðins hita og þrystinga á jarðgufunni. Fyrir súrálsvinnslu er líklegt að þurfi jarðhitakerfi með  $250\text{--}300^{\circ}\text{C}$  hita. Þetta þarf að hafa í huga við staðarval á slíkri vinnslu.

Við fyrstu athugun virðist það einkum vera jarðhitasvæðið sem kennt er við Krísuvík-Trölladyngju, sem helst eigi að líta á í þessu sambandi. Veldur því lega þess í viðráðanlegrí fjarlægð frá sjó. Hins vegar er ekki vit-að um með nægilegri vissu hvort það svæði er nægilega heitt. Til að ganga úr skugga um það þarf frekari boranir. Reykjanes-svæðið kæmi einnig til greina, og er verið að gera úttekt á afkastagetu þess fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

Það sérverkefni, sem hér um ræðir, skiptist í nokkra áfanga og er miðað við nýtingu jarðhitasvæðisins við Trölladyngju. Fyrsta árið, 1991, er fyrirhugað að gera úttekt á orkuþörf og þeim kröfum sem iðnaður af þessu tagi gerir til jarðhitavökvans. Þá yrði lokið við yfirborðsrannsóknir og samtíkulun slíkra gagna vegna staðsetningar borholu. Einnig yrði gerð úttekt á landamerkjum og eignarréttarmálum á Trölladyngjusvæðinu. Að lokum yrði boruð grónn hola til könnunar á hitastigi og jarðlögum, sennilega í grennd við Sogin. Á árinu 1992 yrði síðan boruð rannsóknarhola í fullri vídd til mæl-

ingar á afköstum og hita. Jafnframt yrðu kannaðar leiðir til förgunar á rauðaleðju frá súrálsvinnslunni og kostnaði við þær. Framhaldið ræðst síðan af niðurstöðum hvers áfanga fyrir sig. Kostnaður við hina ýmsu áfanga er áætlaður sem hér segir:

#### 1991

1. Orkuþörf súrálsvinnslu, áætlunargerð um boranir, yfirborðsrannsóknir, skoðun landamerkjá, staðsetning borholu, 8,0 Mkr (Orkustofnun).
2. Borun grannrar rannsóknarholu til könnunar á hitastigi og jarðlögum, 12 Mkr (Orkustofnun, borverktaki).

#### 1992

3. Borun rannsóknarholu í fullri vídd til mælingar á afköstum og hita, 55,0 Mkr. (Orkustofnun, borverktaki).
4. Framhald yfirborðsrannsóknar, 4,0 Mkr (Orkustofnun).
5. Könnun á leiðum til förgunar rauðaleðju frá súrálsvinnslunni og kostnaði við það. (Unnið í samráði við Umhverfisráðuneyti/Náttúruverndarráð).

6. Athugun á alþjóðlegum súrálsmarkaði (Markaðsskrifstofa Iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar).

#### 1993

7. Athugun á hagkvæmni súrálsvinnslu á Íslandi á grundvelli 1.-5. (Orkustofnun með aðstoð innlendra og erlendra ráðgjafa).
8. Borun annarrar rannsóknarholu, og tilheyrandí mælingar, ef athuganir fram til þessa eru jákvæðar, 55,0 Mkr (Orkustofnun).

**1994**

9. Kōnnun á hugsanlegum erlendum samstarfsaðilum, ef athugun 7. er jákvæð.

Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi þessarar athugunar, árið 1991, kosti 20,0 Mkr.